



Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. apríl 2023
2303236/0.4.1

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk fyrir árin 2024-2028, 860. mál.

Embætti landlæknis þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um umrætt má. Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk 2024–2028 er góður grunnur að aðgerðaráætlun um faglega og samþætta þjónustu við eldri borgara. Embættið tekur undir mikilvægi þess að samþætta þjónustu í heimahúsi alls staðar á landinu líkt og gert hefur verið með heimahjúkrun og heimþjónustu í Reykjavík. Mikilvægt er að heildrænt öldrunarmat fari fram til að meta ástand einstaklinga, þjónustubörf og hvaða úrræði henta hverju sinni.

A3. Þróun dagdvala

Í 3. gr. reglugerðar um dagdvöl aldraðra kemur fram að dagdvalir eru stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima og að stjórnendur dagdvalar ákvarða hverjir eiga rétt til dvalar í dagdvöl. Mikilvægt er að endurskoða skilgreiningar á hlutverki dagdvala, markmiðum og hvaða þjónusta á að vera til staðar í mismunandi tegundum í almenntri dagdvöl og sérhæfðri. Kröfulýsing er nauðsynleg. Í dag er ekki til staðar kröfulýsing fyrir sérhæfð dagdvalarrými fyrir heilabílaða.

Í 4 gr. reglugerðar um dagdvalir kemur fram að í dagdvöl aldraðra skal veitt hjúkrunarþjónusta og vera aðstaða til þjálfunar og læknisþjónustu. Ekki er skýrt hvaða hjúkrunarþjónusta á að fara fram né hver skipuleggur og hefur eftirlit með þjálfun eða hvaðan læknirinn kemur sem á að nota aðstöðuna. Mikilvægt er að skilgreina hvaða verkefni eiga að fara fram í dagdvölum og hver hefur umsjón og eftirlit með þeim. Í dagdvölum gæti farið fram heildrænt öldrunarmat sem er mikilvægur hlekkur í því að lengja þann tíma sem aldraðir búa heima.

Auk þessa er mikilvægt að setja fram kröfur um faglega þekkingu starfsfólks sem starfar í dagdvölum sem og huga að skráningu. Eins má velta því upp hvort ekki þurfi að breyta nafni dagdvala í nafn sem væri meira lýsandi fyrir þjónustuna s.s. dagþjálfun.

A4. Þróunarverkefni stuttinnlagna


Mikilvægt er að sett sé fram skýr kröfulýsing á hlutverki og þjónustu stuttinnlagna á hjúkrunarheimili auk þess að skýra hvaða aðili hafi yfirumsjón með þessum rýmum ef það á ekki að vera hendi færni- og heilsufarsnefndar. Hafi einstaklingur verið í endurhæfingarmeðferð á spítala þarf sú meðferð að halda áfram fram að útskrift heim, því er kröfulýsing nauðsynleg.

B3. Efling öldrunarráðgjafar

Mikilvægt er að góð yfirsýn sé til staðar yfir mál einstaklinga. Setja þarf fram skilgreiningu á því hvað felist í öldrunarráðgjöf. Er þetta þjónusta byggð á félagslegum úrræðum og þjónustu, eða einnig ráðgjöf vegna breytinga á líkamlegu eða andlegu ástandi og þá tengt heilbrigðisþjónustu? Í lýsingu á liðum a. til c. er hlutverkið ekki skilgreint. Ef öldrunarráðgjöf snýr að heilbrigðisþjónustu þá þurfa faglegar kröfur að vera skýrar sem og skráning í sjúkraskrá. Mikilvægt er að samþætta heilbrigðisþjónustu við félagsþjónustu með málstjóra sem getur komið að þjónustu á bæði 1. og 2. stigi heilbrigðisþjónustu með teymi t.d. hjúkrunarfræðings með sérþekkingu í öldrunarhjúkrun eða öldrunarlækni.

Kannski væri betra að yfirheiti þessa verkefnis væri efling ráðgjafar en ekki öldrunarráðgjafar. Er hér verið að tala um yfirsýn mála einstaklinga og mögulega meðferð eða veitta þjónustu eða jafnvel bæði? Ef svo er þá á orðið ráðgjöf ekki við.

Virðingarfyllst,


Kjartan Hreinn Njálsson
aðstoðarmaður landlæknis